


# 1908

39 mm, 18 kt hvítagull, fægð áferð

**Perpetual 1908 er með 39 mm úrkassa úr 18 kt hvítagull með ól úr krókódílaleðri.**




DJÚPSVÖRT SKÍFA

# Smágert listaverk

Hver skífa er smágert listaverk. Liturinn, speglunin og áferð yfirborðsins, ásamt skreytingum og hönnuninni í heild gefa úrinu einstakan persónuleika þess.

Rolex fullkomnar sjálft alla þætti í hönnun og framleiðslu skífunnar. Allt frá fyrstu teikningum og fram að lokaskoðuninni, þar á meðal litun eða ásetningu applique merkja, þá felur ferlið í sér röð skrefa og aðgerða sem krefjast sérstakrar kunnáttu. Nokkrar af þessum atvinnugreinum – til dæmis gljáhúðun – eiga rætur sínar að rekja til

upphafsára úrsmíðinnar. Aðrar eru háðar nýjustu tækni, til dæmis húðun með örbylgjuvaka, sem er flókin tækni notuð til að lita yfirborð skífu með því að húða hana með þunnu efnislagi í lofttæmdu umhverfi. Með framleiðslu Rolex mætast hefðbundin kunnátta og tækni, sem sýna fullkomlega í hnotskurn viðhorfið sem leiðbeinir vörumerkinu: leitina að bestu gæðunum til að ná fram óaðfinnanlegum, langvarandi niðurstöðum.



KÚPTUR OG RIFFLAÐUR HRINGUR

# Skiptur hringur

Þetta fágaða úr lætur lítið yfir sér, með mjóan úrkassa og hring sem er að hluta til kúptur og að hluta til með fíngerðum rákum – neðri hluti hans er með fíngerðar rákir og efri hlutinn er kúptur.

18 KT HVÍTAGULL

# Skuldbinding við ágæti

Með því að reka eigin málmsteypu býr Rolex yfir framúrskarandi getu til að steypa hágæða 18 kt gullblöndur. Samkvæmt hlutfalli af silfri, kopar, platínu eða palladíum sem bætt er við fást mismunandi tegundir af 18 kt gulli: gult, bleikt eða hvítt.

Þetta fer aðeins fram með hreinustu málmum og eru þeir skoðaðir vandlega af rannsóknarstofunni á staðnum þar sem notast er við nýjustu tækni. Þetta er gert áður en gullið er mótað og lagað þar

sem sama áhersla á nákvæmni er viðhöfð.
Skuldbinding Rolex við ágæti hefst við upptökin.



LÚXUSÓL

# Sérhannað fyrir hvern einstakling

Þessi 1908 útgáfa er með ól úr krókódílaleðri. Þessi fallega ól er með grænni fóðringu úr kálfsskinni og sauma í svipuðum litatón.

Hún kemur með Dualclasp sem er lás sem leggst saman, úr 18 kt hvítagull. Vandlega hönnuð lögunin sér til þess að Dualclasp situr alltaf á miðjum úlnliðnum.

# Meira tæknileg ítaratriði

# 1908

Tilvísunarnúmer 52509

## Úrkassi módels

**Gerð**
39 mm, 18 kt hvítagull, fægð áferð

**Þvermál**
39 mm

**Efni**
hvítagull

**Hringur**
Kúptur og rifflaður

**Úrbak**
Kúpt, glær bakhlið kassa með glampavörn

**Trekkjari**
Kúptur

**Gler**
Safír með rispuvörn

**Vatnsþéttni**
Vatnshelt við 50 metra / 165 fet

## Gangverk

**Gerð**
Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

**Verkgerð**
7140, framleiðandi Rolex

**Nákvæmni**
-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

**Sveiflugjafi**
Syloxi óróafjöður úr sílikoni með búnaði sem nýtur einkaleyfis. Hágæða Paraflex höggdeyfar

**Trekkja**
Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

**Hleðsluforði**
U.þ.b. 66 klukkustundir

## Armband

**Gerð**
Leðuról

**Lás**
Dualclasp sem leggst tvöfalt saman

**Efni í armbandi**
mattsvört leðuról úr krókódílaskinni

## Skífa

**Gerð**
Djúpsvört

## Vottun

**Gerð**
Superlative Chronometer (COSC +
Rolex vottun eftir umgjörð)

# Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki, þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex áskilur sér réttinn til að breyta módelunum sem eru sýnd á vefsvæðinu.

ROLEX